



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

### Hellisheiðarvirkjun 11. júní 2012 kl. 10.30

Allir í aðalstjórn mættir: Steingerður, Gunnar Örn, Anna Björg,

Ásbjörn, Sigurdís, Sigrún Kapítóla og Davíð

#### Starfssemi

- Sumarfrí og opunartími í sumar!  
Davíð lagði til að loka ekki allan júlímánuð, vill fá að taka sumarfríð sitt í nokkrum hollum sendir stjórninni yfirlit yfir sumarfrisdaga. Upplýsingamiðstöðin tekur e-mail og símann á meðan. Svára nú þegar öllum pósti sem kemur á info emailið.

#### Markaðsmál

- Kynning á aðkomu MSS í ferðablöðum
  - Grapevine – Ævintýralandið Ísland – ferðablað MBL – ferðablað Fréttablaðsins  
Davíð fór yfir kynningarefni og auglýsingamál í ferðablöðum sumarsins.
- Kynning á innanlandsátakinu „Ísland er með ‘etta“  
Sunnlendingar setja 2 milljónir í þetta verkefni til þess að ná í innlenda markaðinn. sjónvarpsauglýsingar, blaðaauglýsingar o.fl.
- Kynninga Anton Antonson – Icelandair / Unique Iceland

Unique Iceland kynningarefni í flugfélum Icelandair, heimasíðu og blaðinu sem liggur í vélunum. Sterk leið til þess að ná í ferðamenn til landsins. Hugmynd um að búa til kynningarefni fyrir Suðurland. Mjög spennandi kostur í markaðssetningu. Davíð og Ásbjörn taka að sér að semja við Icelandair varðandi þessi kynningarmál.

#### Sýningar

- VestNorden + Mid Atlantic  
sameiginlegur kynningarbás með klösum á Suðurlandi. Davíð með hugmynd að taka stærri bás en áður hefur verið gert og kynna landshlutann saman allir saman sem eina heild. Markaðstofan stóran hluta af kostnaðinum um 2/3 hluta og restin skiptist svo niður á aðra sem taka þátt í básnum. Gerum ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði einnig á Mid Atlantik sýningunni í febrúar á næsta ári.

- **Kynning á appratleik fyrir Suðurland**

Fyrirtækið Locatify kynnti hugmynd að ratleik um suðurlandið í gegnum app síma í samstarfi við Markaðsstofuna. Leikurinn hlaðinn í símann og spurningar og þrautir um suðurlandið sem þarf að leysa. Ákveðið að Markaðsstofa styði verkefni með því að kynna það fyrir fyrirtækjum á Suðurlandi láti ekki vinna fyrir sig ratleik að svo stöddu.

#### Kynningar á Höfuðborgarsvæðinu

- **Kynning á hugmyndum um Landsbyggðastofu.**  
ITM aðilar verið í sambandi við Davíð að vera með kynningarefni inná upplýsingamiðstöðinni Bankastræti 2. Þetta væri í formi myndbands sem rennur ásamt viðburðarefni, bæklingum og fleira. Þá værum við komin með beina tenginu þarna inn. Allir landshlutar fá þetta tækifæri og með tímanum verði þetta fyrsta skrefið að Landsbyggðastofu. Stjórnin vill fá stefnumótun félagsins í þessu máli áður en ákvörðun verður tekin varðandi þetta mál.
- **Kynning á vetrarpökkum (brunch samsæti).** Hugmynd að bjóða ferðapjónustuaðilum innan MSS að koma saman í Reykjavík og bjóða þar til kynningar hvað er í boði í vetur. Þau fyrirtæki sem ekki eru opin yfir vetrarmánuðina eiga ekki erindi á kynninguna.

#### Önnur mál

Steingerður vildi fá að heyra hvar MSS stæði fjárhagslega. Davíð fór yfir það og taldi upp alla helstu styrki sem hann hefur fengið og reksturinn væri á áætlun.

Selfoss/Suðurland 11.06.2012 – Sigurdís G